



16. fundur atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins fimmtudaginn 16. ágúst 2018 kl. 17:15.

Mætt voru: Mirjam Blekkenhorst, Björn Guðmundur Björnsson, Guðmundur Björnsson, Stefán Benjamínsson og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Þorsteinn Vilberg Þórisson tilkynnti forföll.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Eyrarvegur 1, ástandsskýrsla og bókanir sveitarstjórnar – til umsagnar

Greinargerð frá Ragnari Bjarnsyni byggingaverkfræðingi hjá Verkís, dags. 17. júlí 2018, lögð fram. Ragnar áætlar kostnað upp á rúmar 56 m.kr. við að koma húsinu í nothæft form. Hann að metur ástand hússins sé slakt og mikill kostnaður fari í endurbyggingu þess.

Samþykkt að afgreiðslu: Nefndin er hlynnt því að gert sé eitthvað fyrir listamenn á svæðinu. Hún tekur hins vegar ekki frekari afstöðu til framlagðrar skýrslu, þar sem ekki liggja fyrir skýrar hugmyndir í hvað nýta eigi húsið, mikil óvissa sé um kostnað við lagfæringar þess og það sé ekki alfarið í eigu sveitarfélagsins. Nefndin óskar enn fremur eftir að fá málið aftur til umfjöllunar þegar nýting hússins hefur verið ákveðin.

Samþykkt samhljóða.

2. Norðurhjari – beiðni um styrk vegna West-Norden ferðasýningar 2018 – til umsagnar

Lögð fram beiðni frá Nik Peros um styrk vegna þriggja manna sýningarbáss Norðurhjara á West-Norden ferðasýningunni á Akureyri í október nk.

Samþykkt að afgreiðslu: Nefndin er hlynnt styrkveitingu kr. 250.000 til verkefnisins. Hún telur rétt, í ljósi þess að samningur við Markaðsstofu Norðurlands renni út í árslok, að skoðuð verði heilstætt stefna í markaðs- og kynningarmálum sveitarfélagsins í samstarfi við hagsmunaaðila svæðisins.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

a) Lagt fram erindi frá Ferðamálastofu, dags. 8. ágúst sl., þar sem NATA styrkir eru kynntir, en um samstarfsverkefni Íslands, Grænlands og Færeyja er að ræða.

Samþykkt um afgreiðslu: Samþykkt senda til erindið til kynningar í stofnunum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu.

LANGANESBYGGÐ



Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 18:37.